

Fimmtudaginn 6. júní 1996.

Nr. 314/1995.

**Lífeyrissjóður
starfsmanna Akureyrarbæjar**

(Hreinn Pálsson hrl.)

gegn

Guðmundi Karlssyni

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

Lífeyrissjóður. Lífeyrisréttur. Launþegar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Arn-
ljótur Björnsson og Eiríkur Tómasson prófessor.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 20.
september 1995. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og
málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostn-
aðar fyrir Hæstarétti.

Sakarefnið var áður fyrir Hæstarétti í máli nr. 137/1994, en með
dómi réttarins 13. október 1994 var málinu þá vísað frá héraðsdómi
vegna annmarka á málatilbúnaði.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn. Þeirra á meðal
eru tveir launaseðlar stefnda frá árinu 1979 og nýr útreikningur
tryggingafræðings á verðmæti iðgjalda vegna launa hans frá upp-
hafi.

I.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, vann stefndi sem vélstjóri
eða vélfræðingur við Laxárvirkjun nær alla starfsævi sína, frá 1952
til 1987. Fyrirtækið var upphaflega eign Akureyrarkaupstaðar og
síðan í sameign hans og ríkissjóðs, en árið 1983 var það sameinað
Landsvirkjun, sem þá varð sameignarfyrirtæki ríkisins, Reykjavíkur-
borgar og kaupstaðarins. Í starfi sínu vann stefndi á vöktum og fékk
greidd laun samkvæmt því á grundvelli kjarasamnings við stéttarfé-
lag hans. Var þeim hagað þannig á þeim tíma, er gögn málsins ná til,
að stefndi fékk tiltekin grunnlaun að viðbættu vaktarálagi, sem greitt
var mánaðarlega án tillits til vaktafjölda í mánuðinum. Einnig var
það farið að tíðkast í kjarasamningum og launatöflum að tilgreina

laun vaktavinnnumanna í einu lagi við hlið launa dagvinnnumanna og þá að meðtöldu umsömdu vaktaálagi.

Stefndi var félagi í lífeyrissjóði áfrýjanda allan starfstímann, og greiddu hann og fyrirtækið þangað iðgjöld eftir reglum sjóðsins. Sjóðurinn hefur starfað á grundvelli reglugerða, sem bæjarstjórn Akureyrar setti í öndverðu, en breytingar á þeim voru síðar háðar samþykki Starfsmannafélags Akureyrarbæjar (STAK). Ljóst er, að ákvæði reglugerðanna fyrr og síðar hafa mjög verið sniðin eftir ákvæðum reglna um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sem skipað er með lögum.

Pegar stefndi hóf að taka lífeyri 1. október 1987, var í gildi reglugerð fyrir sjóðinn með gildistíma frá 1. janúar 1967 ásamt samkomulagi frá 28. ágúst 1980 um réttindamál félagsmanna STAK. Samkomulag þetta varðaði meðal annars réttindi vaktavinnufólks og þeirra, er gegndu vinnuskyldu um nætur, og kvað á um greiðslu iðgjalds af vaktaálagi þessa starfsfólks og lífeyri á grundvelli álagsins. Var honum lýst sem sérstökum viðbótarlífeyri, er ákveðinn væri eftir eigin viðmiðunarreglum á grundvelli þeirra mánaðarlauna, sem vaktaálag væri miðað við. Samkomulagið var gert í tengslum við nýjan aðalkjarasamning Bandalags starfsmanna ríkis og bæja sumarið 1980, og voru hliðstæð ákvæði varðandi ríkisstarfsmenn tekin upp í lög nr. 29/1963 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins með bráðabirgðalögum nr. 67 frá 9. september 1980, er síðan voru staðfest á Alþingi sem lög nr. 98/1980.

Hinn 1. febrúar 1988 tók gildi ný reglugerð fyrir sjóðinn, og voru ákvæði umrædds samkomulags felld inn í meginmál hennar. Er sami háttur á núverandi reglugerð, sem öðlaðist gildi 1. febrúar 1994.

Lífeyrissjóðsiðgjald til áfrýjanda vegna stefnda var lengst af einvörðungu greitt af grunnlaunum hans, er svöruðu til dagvinnu, en ekki af mánaðarlegri greiðslu vegna vaktaálags. Sér þess meðal annars stað á fyrrgreindum launaseðlum frá 1979. Frá 1. janúar 1983 var auk þess greitt viðbótariðgjald af þeim hluta launanna, er taldist vera vegna vaktavinnu, og hélst það til loka starfstímans. Var með því verið að nýta heimild samkomulagsins frá 28. ágúst 1980 til stofnunar lífeyrisréttinda vegna vaktaálags og þá eftir þeim reglum, sem þar voru settar. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að hann hafi ekki hlutast til um þessar iðgjaldagreiðslur, heldur hafi vinnu-

veitandi sinn komið þeim á ótilkvaddur. Á hinn bóginn liggur það fyrir, að stefndi hreyfði engum athugasemdum við þeirri framkvæmd.

II.

Frá því að stefndi hóf að taka lífeyri, hefur áfrýjandi greitt honum eftirlaun, sem eru 65,83% af föstum launum fyrir dagvinnu ásamt persónuuppbót og orlofsuppbót, sem fylgja starfi hans, að viðbættum eftirlaunum vegna vaktaálags, sem nema 6,43% af þeim viðmiðunarlaunum vaktavinnufólks, er við eiga samkvæmt samkomulaginu frá 28. ágúst 1980, sbr. nú 13. gr. reglugerðar fyrir sjóðinn. Svarar fyrrnefnda hlutfallið til réttinda vegna alls starfsferils hans hjá Laxárvirkjun, en hið síðarnefnda til þess, sem honum ávannst vegna viðbótariðgjalds frá 1. janúar 1983. Dómkröfur hans í málinu eru á því reistar, að þessi tilhögun sé röng, og eigi í hennar stað að greiða sér eftirlaun, sem nemi 65,83% af fullum föstum launum vaktavinnumanna samkvæmt stöðu sinni, eins og þau séu ákveðin í kjarasamningi.

Kröfunum til stuðnings vísar stefndi til þess, að samkvæmt 2. mgr. 13. gr. reglugerðar sjóðsins frá 1967 hafi fjárhæð eftirlauna átt að vera „hundraðshluti af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því, sem sjóðfélaginn gegndi síðast“. Sé hann óbundinn af samsvarandi ákvæði 5. mgr. 12. gr. reglugerðanna frá 1988 og 1994, sem orðað er þannig, að eftirlaun skuli vera hundraðshluti af þeim föstu launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót samkvæmt kjarasamningum, er á hverjum tíma fylgi stöðu sjóðfélagans. Sé og fram tekið í þessum reglugerðum, að sjóðfélagar, sem eigi betri lífeyrisrétt samkvæmt eldri reglugerð, skuli halda honum.

Þegar litið er til reglna um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og annarra heimilda um skipulag lífeyrissjóða á liðnum áratugum, verður að telja ljóst, að hið tilvitnaða orðalag 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar frá 1967 hafi verið mótað af því viðhorfi, að lífeyrisréttindi og iðgjaldagreiðslur þeirra vegna væru almennt tengd launum fyrir dagvinnu, en ekki fyrir yfirvinnu. Hafi verið litið á álagsgreiðslur vegna vinnu á afbrigðilegum tíma, á vöktum eða á nóttunni, sem hliðstæðu yfirvinnugreiðslu að þessu leyti, þótt um væri

að ræða reglubundna vinnuskyldu innan tímamarka, er svöruðu til dagvinnu.

Telja verður jafnframt, að í fyrrnefndu samkomulagi frá 28. ágúst 1980 hafi komið fram skýr staðfesting á þessu viðhorfi, en eitt meginmarkmið samkomulagsins var að breyta því með þeim hætti, að vaktavinnufólk ætti kost á lífeyrisréttindum, er tengd væru þeim launamun, sem vaktaálag bæri í sér, til viðbótar venjulegum lífeyrisrétti vegna grunnlauna. Voru þessu gerð skil með ákvæðum greinar 3.6., sem rakin eru að hluta í hinum áfrýjaða dómi.

Í samræmi við þetta verður að líta svo á, að meginefni 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar frá 1967 hafi verið talið hið sama og síðar var lýst í 5. mgr. 12. gr. reglugerðanna frá 1988 og 1994, þannig, að hið breytta orðalag þeirra málsgreina hafi fyrst og fremst verið til áréttingar ríkjandi skilningi á hinu eldra ákvæði. Til samanburðar í því efni liggur það fyrir, að orðalag allra reglugerðanna svaraði að þessu leyti til ákvæða í 12. gr. laga nr. 19/1963 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, eins og hún var orðuð, þegar þær voru settar.

Af hálfu stefnda er sérstaklega á það bent, að vaktaálag hafi verið fastur liður í mánaðarlaunum sínum, og hafi þau síðustu árin verið greidd fyrir fram sem reglubundin heildarlaun vaktavinnumanna. Sé aðstaðan þannig önnur en sú, þegar gert sé upp eftir á eftir gengnum vöktum. Samkvæmt töflum um laun eftir kjarasamningi stefnda frá árinu 1987 var munurinn á tilgreindum launum dagvinnumanna og vaktavinnumanna talinn 37,02%. Svaraði það til hins venjulega vaktaálags, sem um var samið. Með hliðsjón af þessu og því, sem fyrr var rakið, verður stefndi ekki talinn hafa sýnt fram á, að sú tilhögun launagreiðslna, sem hér um ræðir, hafi komist á með þeim hætti, að hún hefði áhrif á lífeyrisrétt hans. Meðal annars er þess þar að gæta, að fastar greiðslur vaktaálags voru komnar á fyrir daga samkomulagsins frá 28. ágúst 1980, án þess að iðgjalda-greiðslur vegna álagsins væru teknar upp, fyrr en það var gert.

Samkvæmt þessu verður áfrýjandi sýknaður af kröfum stefnda.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Guðmundar Karlssonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 4. ágúst 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. f. m. að undangengnum munnlegum málflutningi, hefur Hjalti Steinþórsson hrl. höfðað með stefnu, út gefinni í Reykjavík 10. apríl 1995 og birtri 11. s. m., f. h. Guðmundar Karlssonar, Hraunbæ 64, Reykjavík, kt. 011226-2489, á hendur Lífeyrissjóði starfsmanna Akureyrarbæjar, kt. 510169-3799, Geislagötu 9, Akureyri.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefnda verði gert að greiða stefnanda van-reiknuð eftirlaun vegna árána 1990-1994, samtals að fjárhæð 1.030.246 kr., með dráttarvöxtum [...]. Þá er þess krafist, að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu eða skv. málskostnaðarreikningi að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Dómkröfur stefnda eru, að hann verði sýknaður að fullu af öllum kröfum stefnanda og sér dæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati dómsins eða skv. síðar fram lögðum málskostnaðarreikningi og að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Stefnukrafa er þannig fundin, að reiknuð eru eftirlaun í samræmi við eftirlaunahlutfall stefnanda, sem er 65,83% af heildarlaunum, er hann telur, að miða beri lífeyri sinn við, en frá eftirlaunum þannig reiknuðum eru dregin þau eftirlaun, sem stefnandi hefur fengið greidd frá stefnda. Mis-munurinn er sú fjárhæð, sem stefnandi telur stefnda skulda sér vegna árána 1990-1994 og er stefnukrafa málsins.

Á dskj. nr. 10 hefur stefnandi sundurliðað kröfu sína nákvæmlega, en þar sem enginn tölulegur ágreiningur er um kröfu stefnanda, verður hún ekki reifuð frekar.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að hann hafi verið 1. vélstjóri við Lax-árvirkjun frá árinu 1952 til 30. september 1987, er hann hóf töku lífeyris hjá stefnda 1. október 1987, sem þá hét Eftirlaunasjóður Akureyrarbæjar. Hafði stefnandi þá rétt á lífeyri, sem nam 65,83% af viðmiðunarlaunum. Á starfs-tíma sínum gekk stefnandi ávallt vaktir og fékk greidd laun skv. því. Stefn-anda hafi verið reiknaður lífeyrir sem hlutfall af grunnlaunum, þ. e. a. s. án fasts vaktaálags, fasts álags 1. vélstjóra eða annarra fastra launaliða, en þeim útreikningum stefnda hefur stefnandi mótmælt og telur, að lífeyrinn eigi að reikna af föstum launum 1. vélstjóra á hverjum tíma, þ. m. t. vakta-álagi og öðrum föstum álögum eða launaliðum. Sérstök áhersla er lögð á

það, að vaktalaun er hér reiknað inn í mánaðarlaun vaktavinnuanna, og eru launin því föst mánaðarlaun óháð fjölda vakta í mánuði. Telur stefnandi dóm Hæstaréttar frá 23. nóvember 1988 í máli fyrrverandi stöðvarstjóra Laxárvirkjunar um hliðstætt sakarefni styðja framangreindan skilning sinn. Nokkur bréfaskeyti hafi orðið milli aðila um kröfur stefnanda, en án árangurs. Hafi stefnandi því höfðað mál með stefnu, út gefinni 22. 6. 1992, og krafist viðurkenningar á kröfum sínum um leiðréttingu lífeyrisgreiðslna frá stefnda. Með dómi 8. mars 1994 hafnaði héraðsdómurinn kröfum stefnanda, sem áfrýjaði máli sínu til Hæstaréttar Íslands, en með dómi hans 13. október 1994 var málinu vísað frá héraðsdómi, og í kjölfar þeirrar niðurstöðu hefur verið aflað nýrra gagna og stefnandi nú höfðað mál að nýju um kröfur sínar.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi reisir kröfur sínar á ákvæðum 2. mgr. 13. gr. rg. Eftirlaunasjóðs Akureyrarbæjar frá 1. janúar 1967 og greinum 3.3. í samkomulagi um réttindamál STAK frá 28. ágúst 1980, en samkvæmt hinum tilvitnuðu ákvæðum ber að miða lífeyri hans við þau laun, sem á hverjum tíma fylgja starfi því, er hann gegndi. Telur stefnandi einsýnt, að miða eigi lífeyri sinn við föst mánaðarlaun í starfi því, er hann gegndi, en þau eru föst mánaðarlaun fyrir vaktavinnu auk 3,5% álags 1. vélstjóra, orlofsuppbótar og desemberuppbótar. Telur stefnandi það ekki rýra rétt sinn til umkrafinna eftirlauna, þó að honum hafi ekki verið gefinn kostur á að greiða í eftirlaunasjóð af öllum launum sínum fyrr en nokkur síðustu starfsárin, þar eð fortakslaus ákvæði reglugerðar sjóðsins á þeim tíma, er hann hóf töku lífeyris, hafi kveðið ótvírátt á um, að miða bæri við heildarlaun eftirmanns hans í starfi. Hafi Hæstiréttur staðfest þessa túlkun með áðurnefndum dómi frá 23. nóvember 1988 í máli fyrrverandi stöðvarstjóra Laxárvirkjunar. Stefnandi bendir einnig á það í þessu sambandi, að Akureyrarbær hafði á sínum tíma hag af því, að starfsmenn bæjarins greiddu sem minnst iðgjöld til eftirlaunasjóðsins, því að með því sparaðist bænum mótframlag atvinnurekanda af þeim hluta launanna, sem iðgjöld eru ekki reiknuð af. Eigi að gera samanburð á verðmæti greidds iðgjalds og iðgjalds af fullum launum, verði á móti að taka tillit til þess sparnaðar vinnuveitandans, sem í þessu tilviki var jafnframt í forsvari fyrir umræddan eftirlaunasjóð, enda sjóðurinn eign Akureyrarbæjar og á hans ábyrgð, sbr. 1. og 10. gr. reglugerðar sjóðsins frá 1. janúar 1967.

Stefndi heldur því fram, að stefnandi hafi fengið að fullu greidd eftirlaun í samræmi við áunnin réttindi sín hjá Lífeyrissjóði starfsmanna Akureyrarbæjar og eigi því engar frekari kröfur á hendur sjóðnum. Auk heldur hafi

hann eins og aðrir sjóðfélagar við gildistöku nýrrar reglugerðar fyrir sjóðinn með breyttu nafni og ákvæðum, sem samþykkt voru í bæjarstjórn Akureyrar 12. janúar 1988, öðlast frekari rétt, þar sem í 5. mgr. 12. gr. þeirrar reglug. er til viðbótar áunnum réttindum eftirlaunaþega greitt af persónuuppbót og orlofsuppbót skv. kjarasamningum. Þessi tilvitnaða málsgrein sé arftaki 2. mgr. 13. gr. eldri reglugerðar frá 1. janúar 1967 með þeirri réttarbót, sem áður getur. Minnt er á, að orðalagið „af þeim föstu launum fyrir dagvinnu“ í nýju reglugerðinni í stað orðanna „af launum þeim“, eins og var í eldri reglugerð, sé á því byggt, sem ætíð hafi gilt, að eftirlaun hafi ekki verið greidd af yfirvinnu, hvort sem hún hefur verið unnin eða laun greidd fyrir óunna yfirvinnu, sama hver sjóðfélaginn var. Þeirri málástæðu stefnanda, að lífeyri eigi að miða við þau laun, sem á hverjum tíma fylgja starfi því, er hann gegndi, mótmælir stefndi ekki, nema hvað deilan snúist um það, hver þessi viðmiðunarlaun séu. Stefnandi vilji miða við laun, sem stéttarfélag hans hefur samið um við Landsvirkjun, sem tók frá og með 1. júlí 1983 við launagreiðslum af Akureyrarbæ f. h. Laxárvirkjunar, þegar sú stofnun var sameinuð Landsvirkjun með samningum, sem Akureyrarbær stóð að við þáverandi eigendur þess fyrirtækis. Inni í þeim launum, er Landsvirkjun hefur samið um, hafa verið ýmsar álögur, sem gerð er grein fyrir í stefnu, þ. á m. fast vaktálag. Hins vegar hafi stefnandi notið eftirlauna fyrir unna vaktavinnu, eftir að hann notfærði sér að greiða iðgjald til sjóðsins af vaktálagi gegn mótfamlagi vinnuveitanda, en þennan rétt hafi stefnandi nýtt sér frá 1. janúar 1983. Þessi heimild til að öðlast eftirlaun af vaktavinnu, eftir að samkomulag um réttindamál félagsmanna STAK (Starfsmannafélags Akureyrarkaupstaðar) var gert 28. ágúst 1980, sbr. ákvæði 3.6. í því samkomulagi (sic). Í sambandi við ákvörðun um þetta eftirlaunavaktaálag sé þó notaður sérstakur launaflokkur eða viðmiðunarlaunaflokkur, sem er nr. 234-6 og sé hinn sami og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins beiti í hliðstæðum tilvikum, enda reglugerð sjóðsins að verulegu leyti sniðin eftir Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, sbr. 7. gr. laga nr. 98/1980 um breytingu á lögum nr. 28/1963. Við upphaf töku lífeyris stefnanda hjá sjóðnum komu upplýsingar frá vinnuveitanda hans, Landsvirkjun, hver mánaðarlaun stefnanda væru fyrir dagvinnu, og miðaði stefndi lífeyrisgreiðslur við það. Ekkert hafi komið fram um, að í launum þessum væru innifalin vaktavinnulaun, enda hefði sjóðurinn ekki fallist á að greiða eftirlaun af þeim launahluta þegar af þeirri ástæðu, að engu iðgjaldi né mótfamlagi hafði verið skilað til sjóðsins vegna þessa. Telur stefndi, að tilvitnaður hæstaréttardómur stefnanda eigi ekki við um þetta tilvik.

Verða nú nokkur málsatvik rakín skv. gögnum málsins.

Á dskj. nr. 13, sem er bréf Landsvirkjunar, dags. 18. 9. 1987, til Eftirlaunasjóðs Akureyrarbæjar, segir, að stefnandi hætti störfum við Laxárvirkjun 1. október 1987. Síðan segir: „Föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu nema nú 68.465 kr.“

Á dskj. nr. 22, sem er launatafla skv. kjarasamningi Landsvirkjunar og Vélstjórafélags Íslands, er undirritaður var 10. 5. 1987 og gildi til 31. 12. 1987, eru grunnlaun dagvinnumanna eftir 18 ára starf 67.353 kr. og vaktavinnumanna 92.287 kr. á mánuði. Í hinu fyrra máli bar vitnið Karl Jörundsson, starfsmannastjóri Akureyrarbæjar, að föst mánaðarlaun vaktavinnumanna væru laun þeirra, sem gengju reglubundnar vaktir, og kjör vélstjóra, sem vaktir gengju, fyrir fram ákveðið fast mánaðarkaup án tillits til vinnuframlags. Á þetta við laun stefnanda, er hann lauk störfum. Á dskj. nr. 21 eru þau reiknuð út frá þessum forsendum fyrir árið 1987, 1988 og 1989 og á dskj. nr. 8 fyrir árin 1990 til og með 1994. Eru útreikningar þessir gerðir af Vélstjórafélagi Íslands. Á dskj. nr. 9 eru upp gefin heildarlaun stefnda til stefnanda árin 1991 til 1994, og er stefnufjárhæðin margfeldið af hinum útreiknuðu launum Vélstjórafélags Íslands, $\times 65,83\%$, mínus greidd laun stefnda.

Á dskj. nr. 17, sem er yfirlit stefnda um iðgjaldagreiðslur stefnanda til stefnda árabilið 1952-1987, kemur fram, að hann hefur greitt í iðgjöld samtals 145.890,89 kr. og að móttframlag vinnuveitanda á sama árabili er 218.836,30 kr.

Álit dómsins.

Úrlausnarefni máls þessa lýtur að því, hvort stefnandi eigi rétt á, að lífeyrisgreiðsla hans frá stefnda reiknist af öðrum launagrunni en verið hefur. Eins og að framan er rakið, gegndi stefnandi stöðu 1. vélfræðings við Laxárvirkjun í Suður-Pingeyjarsýslu um langt árabil. Um launakjör hans fór skv. kjarasamningi Vélstjórafélags Íslands og Landsvirkjunar. Stefnandi gekk vaktir, og telja verður sannað skv. staðhæfingu stefnanda svo og vætti Karls Jörundssonar, starfsmannastjóra Akureyrarbæjar, að hann hafi fengið föst mánaðarlaun vaktavinnumanna miðað við 18 ára starfsaldur. Stefnandi var í starfsmannafélagi Akureyrar og greiddi lífeyrisiðgjöld í Eftirlaunasjóð Akureyrarbæjar. Við gildistöku reglugerðar frá 12. janúar 1988 breyttist nafn sjóðsins, og heitir hann nú Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar, svo sem áður getur. Ágreiningslaust er, að iðgjaldagreiðsla stefnanda til sjóðsins miðaðist við grunnlaun áðurnefnds kjarasamnings eftir 18 ára starf. Skv. 3. mgr. 9. gr. reglug. um Eftirlaunasjóð Akureyrarbæjar frá 1. janúar 1967 var launagreiðendum skylt að greiða iðgjöld til sjóðsins af fastalaunum sjóðfélaga. Þá er upplýst í málinu, að 1. janúar 1983 nýtti stefnandi sér

heimildarákvæði í sérstöku samkomulagi Akureyrarbæjar og Starfsmannafélags Akureyrar um réttindamál, er vörðuðu m. a. viðbótarlífeyri til vaktavinnufólks. Samkomulag þetta var undirritað 28. ágúst 1980. Ákvæði um viðbótarlífeyrinn eru svofelld: „3.6. Vaktavinnufólk, þ. e. þeir sjóðfélagar, sem hafa vinnutíma, sem hreyfist með reglubundnum hætti, skal fá rétt til sérstaks viðbótarlífeyris úr Lífeyrissjóði starfsmanna Akureyrarbæjar, enda sé því skylt að greiða iðgjald af vaktaálagsgreiðslum til sjóðsins. 3.6.2. Sjóðfélagi greiði 4% af vaktaálaginu í iðgjöld og launagreiðandi 6%. 3.6.3. Mánadarlaun þau, sem vaktaálag er miðað við, skulu vera viðmiðunarlaun, þegar lífeyrir er ákveðinn og iðgjaldið er metið. 3.6.5. Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga af vaktaálagi skulu ár hvert metnar þannig til lífeyrisréttinda, að reiknað sé, hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslu af viðmiðunarlaunum.“

Þá er stefnandi hóf töku lífeyris hjá stefnda 1. október 1987, voru eftirlaun hans reiknuð sem hlutfall af grunnlaunum miðað við 18 ára starfsaldur, en að auki fékk hann viðbót eftirlauna af vaktavinnuálagi, sem hér að framan var rakið. Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. reglugerðar fyrir Eftirlaunasjóð Akureyrarbæjar frá 1. janúar 1967, sem í gildi var, er stefnandi hóf töku lífeyris, var kveðið á um, að fjárhæð eftirlauna skyldi vera hundraðshluti af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja því starfi, sem sjóðfélagi gegndi síðast. Samhljóða ákvæði er í grein 3.3. í áðurnefndu samkomulagi frá 28. ágúst 1980. Með reglugerð fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna Akureyrarbæjar frá 12. janúar 1988 voru ákvæði þessi úr gildi felld, og í 12. gr., 5. mgr., er ákvæðið um fjárhæð eftirlauna orðað svo, að fjárhæð eftirlauna sé hundraðshluti af þeim föstu launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót skv. kjarasamningum, sem á hverjum tíma fylgja stöðu þeirri fyrir fullt starf, er sjóðfélaginn gegndi síðast. Sams konar ákvæði er nú í 12. gr., 5. mgr., núgildandi reglugerðar fyrir lífeyrissjóðinn frá 1. febrúar 1994. Í 23. gr. reglugerðarinnar segir svo, að þeir, sem orðnir voru sjóðfélagar fyrir gildistöku reglugerðar þessarar og eiga betri lífeyrisrétt skv. eldri reglugerð sjóðsins, skuli halda honum. Kjarasamningur Landsvirkjunar og Vélstjórafélags Íslands frá 10. maí 1987, sem í gildi var, er stefnandi hóf töku lífeyris, sbr. dskj. 22, kveður á um tvo launaflokka, þ. e. grunnlaun dagvinnumannna og laun vaktavinnumannna (37,02% umfram dagvinnulaun). Tekið er fram, að tímalaun og aðrar álögur reiknist út frá grunnlaunum. Er stefnandi hóf töku lífeyris, giltu ákvæði reglugerðar fyrir Eftirlaunasjóð Akureyrarbæjar frá 1. janúar 1967, og ber því að líta til 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar, sem kveður á um það, að fjárhæð eftirlauna sé hundraðshluti af þeim launum, er á hverjum tíma fylgja því starfi, sem sjóðfélaginn gegndi síðast. Telja

verður sannað, að föst mánaðarlaun stefnanda hafi verið laun vaktavinnu-
manna skv. kjarasamningi Landsvirkjunar og Vélstjórafélags Íslands frá 10.
maí 1987, og ber því að miða eftirlaun stefnanda við þau laun, er hann þáði
sem slíkur. Sú fjárhæð er ekki ágreiningsatriði í máli þessu. Enda þótt
stefnandi hafi greitt stefnda iðgjald af annarri launafjárhæð, fellst dómurinn
ekki á, að það skerði rétt hans til eftirlauna samkvæmt þessu fortakslausa
ákvæði. Síðari breytingar á viðmiðunarfjárhæð eftirlauna skerða ekki heldur
rétt stefnanda, sbr. 23. gr. reglugerðar sjóðsins frá 1. febrúar 1994. Sam-
kvæmt þessu eru dómkröfur stefnanda teknar til greina að fullu. Þá ber
stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn
175.000 kr., og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar, greiði stefn-
anda, Guðmundi Karlssyni, 1.030.246 kr. með dráttarvöxtum skv. X.
og XII. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 181.086 kr. frá 1. 1. 1991 til 31. 12.
s. á., af 387.951 kr. frá 1. 1. 1992 til 31. 12. s. á., af 601.461 kr. frá
1. 1. 1993 til 31. 12. s. á., af 815.749 kr. frá 1. 1. 1994 til 31. 12. s. á. og af
1.030.246 kr. frá 1. 1. 1995 til greiðsludags og 175.000 kr. í málskostn-
að.
